

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

1. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð um hitaveitu og hitalagnir Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

2. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella lætur hverju húsi sem tengt er veitukerfi hennar í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella og hitafletir séu nægjanlega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annarra nota en hitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella lætur notanda í té vatnsmagn samkvæmt 1. og 2. gr. um rennismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

Heitt vatn um rennismæli:

- | | |
|--------------------------------------|---------|
| 1. Fyrir hvern rúmmetra vatns | kr. 74 |
| 2. Hver rúmmetri vatns frá kyndistöð | kr. 121 |

Fast gjald er háð afköstum rennismælisins, en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í fjóra flokka.

A: 15 mm	6.570 kr/ár
B: 20 mm til 25 mm	14.820 kr/ár
C: 32 mm til 50 mm	31.200 kr/ár
D: 65 mm og stærri	43.440 kr/ár

5. gr.

Þegar afnot af hitaveitunni eru leyfð til annarra nota en húshitunar er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slíki afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. gr. verða krafín mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði einu sinni á ári, en notkun þess á milli áætluð. Heimilt er að fækka eða fjölga álestrum. Óski notandi þess að lesið sé á mæli hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar greiðist álestargjald kr. 850.

7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd á eindaga.

8. gr.

Heimæðargjöld hitaveitunnar til húshitunar skulu miðast við brúttórúmmál húss skv. byggingarreglugerð og vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Stærð húss í m ³ :	Heimæðargjald kr.:
Allt að 1200	144.500
1200 - 2600	262.000
2600 - 4000	401.000
4000 - 10400	747.640
10400 - 21000	1.345.800

Nú eru fleiri en eitt hitakerfi í húsi með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 14.815 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Sé sameiginleg heimæð lögð í parhús þó þannig að lögnin sé klofin utan við útvegg og sérstök tengigrind komi í hvora íbúð skal greiða kr. 43.750 í aukagjald.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er upp að hluta er heimilt að fella niður heimæðargjald af þeim hluta hússins sem ekki er hitaður. Verði breyting á starfsemi í slíku húsi þannig að farið verði að hita það allt upp þá er allt heimæðargjaldið gjaldfallið skv. gjaldskrá þess tíma sem breytingin á sér stað.

9. gr.

Þegar tengingu húss er lokið er fyrri helmingur heimæðargjalds gjaldkræfur. Síðari helmingur heimæðargjalds er gjaldkræfur þremur mánuðum síðar. Þó er heimilt að veita frekari gjaldfrest ef um það er samið skriflega fyrir gjalddaga. Í slíkum samningum skal kveðið á um vexti og verðbætur.

10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari í samræmi við breytingar á áðurnefndri vísitölu, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

12. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Séu fleiri en einn notandi í húsi með sameiginlega heimtaug og hitakerfi, skerðir það ekki rétt hitaveitunnar til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins ef einn þessara aðila vanrækir greiðslur þó reikningum sé skipt á notendur.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a.m.k. 3ja daga fyrirvara. Innheimtugjald vegna vanskila notanda er kr. 1.090. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, kr. 2.540 í hvert sinn.

13. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar. Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er heimill aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

14. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. desember 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 553, 28. september 1993, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. nóvember 2000.

F. h. r.

Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.